

Fundargerð

Undirbúningshópur umferðarmála - 72. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,
26. maí 2015 og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Sævar Guðmundsson Fulltrúi lögreglu
Bjarki Jóhannesson sviðsstjóri
Helga Stefánsdóttir starfsmaður

Fundargerð ritaði: Helga Stefánsdóttir, verkfræðingur.

Dagskrá:

1. 1308280 -- Hvannavellir - umferðaröryggismál

Lögð fram til kynningar skýrsla Eflu verkfræðistofu um Kirkjuvelli og Hvannavelli - Umferðaröryggi og breyting í botngötu.

Lagt fram.

2. 1502051 -- Krókahraun - umferðaröryggi

Lagt fram erindi um ósk um gerð hraðahindrunar í Krókahrauni.

UHU leggur til að byrjað verði á því að mála miðlínu í götuna.

3. 1503068 -- Dalshraun, gangbraut á milli Dalshrauns 1 og Reykjavíkurveggar 80

Lagt fram erindi Actavic um gerð göngubrautar yfir Dalshraun.

UHU samþykkir að sett verði göngubraut yfir Dalshraun.

4. 1504420 -- Álfaskeið, umferðarhraði

Lagt fram erindi varðandi ósk um hraðadempanði aðgerðir við Álfaskeið 16. Lögð fram hraðamæling í Álfaskeiði við hús nr 16 sem gerð var nú í maí. Meðalhraði frá Flatahrauni mældist 22 km/klst og mesti hraði 50 km/klst. Meðalhraði að Flatahrauni mældist 23 km/klst og mesti hraði 40 km/klst. Álfaskeið er 30km gata.

UHU mældur umferðarhraði í götunni gefur ekki tilefni til aðgerða að sinni.

5. 1505005 -- Brekkuás, umferðaröryggi við Hlíðarás

Lagt fram erindi íbúa þar sem óskað er eftir hraðahrindun í Brekkuás við Hlíðarás. Lögð fram hraðamæling í Brekkuás við Hlíðarás sem gerð var nú í maí. Meðalhraði niður Brekkuás mældist 29 km/klst og mesti hraði 55 km/klst. Meðalhraði upp Brekkuás mældist 27 km/klst og mesti hraði 46 km/klst. Brekkuás er 30km gata.

UHU samþykkir að byrjað verði á að setja merkta gönguleið á þessum stað.

6. 1505207 -- Erluás 31, bílar í snúningshraus

Tekin til umræðu lagning bíla í snúningshaus götunnar.

Sent hefur verið bréf til íbúa þar sem áréttað er að óheimilt er að leggja í snúningshausgatna.

7. 1505208 -- Móabará, bifreiðastaða atvinnutækja

Tekin til umræða lagning atvinnutækja íbúahverfum.

Tekið tekið til umræðu.

8. 1505263 -- Melabraut, skilti og umferðarhraði

Lagt fram erindi VHE vélaverkstæðis hf varðandi umferðarhraða í Melabraut og uppsetningu á skili.

UHU leggur til að umferðarhraði verði mældur í götunni. UHU heimilar uppsetningu á söfnunarskiltum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00.

**Sævar Guðmundsson (sign)
Helga Stefánsdóttir (sign)**

Bjarki Jóhannesson (sign)
